

7. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

199

1. okt.

Menntamálaráðuneytinu, 1. október 1952.

Björn Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Kirkjubyggingarsjóð Ytri-Njarð- 200 vikur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 1. okt. 1952. 1. okt.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Kirkjubyggingarsjóð Ytri-Njarðvíkur.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Þórlaugu Magnúsdóttur í Höskuldarkoti í Ytri-Njarðvík, til minningar um látna unga ástvini hennar frá Höskuldarkoti. Stofnfé sjóðsins er kr. 1000.00.

2. gr.

Starfsemi sjóðsins skal vera á þessa leið: Þegar höfuðstóll sjóðsins hefur vaxið það, að hann nemur kr. 100000.00 — eitt hundrað þúsund krónum —, skal sjóðnum varið til kirkjubyggingar í Ytri-Njarðvík.

3. gr.

Sjóðurinn tekur á móti minningar- og dánargjöfum; einnig tekur hann á móti almennum gjöfum. Allar gjafir skal skrá í sérstaka gjafabók. Þar skal skrá nafn þess, er gjöfin er gefin til minningar um, ásamt fæðingar- og dánardegi; síðan skal skrá fjárupphæðina og nafn þess, er gefur. Almennar gjafir skal skrásetja með nafni gefanda og fjárupphæð. Allar gjafir skal skrá með dagsetningu.

4. gr.

Sjóðurinn má gefa út minningarspjöld.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal falin þremur mönnum. Kvenfélag Njarðvíkur skipar einn, Ungmennafélag Njarðvíkur annan, og hinn þriðji skal tilnefndur af hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps, og skal hann vera formaður sjóðstjórnar. Hætti Njarðvíkurhreppur að vera til sem sjálfstætt sveitarfélag, skal sýslunefnd Gullbringusýslu tilnefna formann sjóðstjórnar. Ef Ungmennafélag Njarðvíkur og Kvenfélag Njarðvíkur leggjast niður, skal biskupinn yfir Íslandi tilnefna tvo menn, búsetta í Ytri-Njarðvík, í stjórn sjóðsins. Stjórnarmenn sjóðsins skal tilnefna til fjögurra ára í senn.

6. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í hinum Almenna kirkjusjóði Íslands, en yfirumsjón með sjóðnum hafa forráðamenn kirkjunnar, eins og kirkjulöggjöfin mælir fyrir um.

200

1. okt.

Stjórn sjóðsins skal hafa bók, auk gjafabókarinnar, sem í er skráð hverjir séu í stjórn sjóðsins á hverjum tíma. Í bók þessa skal skrá ársreikninga sjóðsins, og skulu þeir undirritaðir af öllum stjórnarmönnum.

7. gr.

8. gr.

Tilgangi sjóðsins má aldrei breyta. Sjóðurinn skal óvæfengjanlega ávallt vera eign byggðarlagsins í Ytri-Njarðvík.

9. gr.

Þegar tilgangi sjóðsins samkvæmt 2. gr. er náð, skal vera heimilt að sjóðurinn starfi áfram við kirkjuna í Ytri-Njarðvík. Starfsemi sjóðsins skal þá miða að því að fegra kirkjuna og prýða utan sem innan.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Ytri-Njarðvík, 4. nóvember 1950.

Karvel Ögmundsson.

Valgerður Pálsdóttir.

Vésteinn Bjarnason.

201

8. okt.

REGLUGERÐ

um öryggisráðstafanir gegn slysaþættu við vinnu í kötlum, kerum og geymum.

1. gr.

Þegar unnið er í kötlum, kerum eða geymum, þar sem vinnan getur leitt af sér eittraðar gastegundir, skal sérstakrar varúðar gætt til þess að forðast gaseitrun verkamanna.

Sem hættulega vinnu má nefna:

Logsuðu með rafmagni eða gasi, sem orsakað getur kolsýring og aðrar hættulegar gastegundir.

Ræstingu og þvott með sýrum, feitileysandi vökvum og öðrum svipuðum efnum.

Málningarvinnu með lakki, asfalti og öðrum efnum, sem leyst eru upp með vökvum, sem gefa frá sér hættulegan eim.

Vinnu í geymsluhylkjum og tækjum, sem notuð eru til að geyma í og vinna efni, sem gefa frá sér eittraðar lofttegundir og eim.

Ekki má nota triklorethylen, tetraklorkolefni, bensol eða aðra vökva, sem gefa frá sér álíka eittraðan eim, til þvotta í geymum, kerum eða hylkjum.

2. gr.

Áður en byrjað er á vinnu í geymi skal loftræsta hann rækilega með þrýstilofti eða loftblásara. Slíkrar loftræstingar er þó ekki þörf, ef op bæði efst og neðst á geyminum hafa staðið opin í langan tíma, svo dragsúgur hafi verið í gegnum hann.

Nauðsynlegt er einnig að loftræsta opin ker, því þungar lofttegundir geta um lengri tíma legið við botn þeirra.

Aldrei má nota hreint súrefni til loftendurnýjunar, þegar unnið er við suðu í geymi, því súrefnið getur orsakað íkvikun í fötum verkamanna.